



# Skrifstofustjóri Hrunamannahrepps

Hrunamannahreppur leitar að áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingi, með ríkan áhuga á fjármálum, í starf skrifstofustjóra. Skrifstofustjóri er yfir rekstri ráðhússins og stýrir fjármálum sveitarfélagsins í samvinnu við sveitarstjóra sem er næsti yfirmaður skrifstofustjóra.

Um er að ræða 100% starf til framtíðar.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Fagleg forysta og verkstjórn á daglegum verkefnum bæjarskrifstofu.
- Ábyrgð og umsjón með daglegri umsýslu fjármála og bókhalds.
- Umsjón með fjárhagsáætlanagerð og virku kostnaðareftirliti.
- Ábyrgð og umsjón með gerð ársreiknings.
- Umsjón með álagningu opinberra gjalda og innheimtu.
- Þátttaka í stefnumótun og nýsköpun á sviði fjármála og fjárreiða.
- Aðstoð við samningagerð og önnur fjármálatengd verkefni.
- Samskipti við forstöðumenn og íbúa vegna erinda er snúa að fjármálum og annari þjónustu bæjarfélagsins.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg.
- Haldgóð reynsla af sambærilegu starfi er nauðsynleg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góð félagsleg færni er skilyrði.
- Mjög góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanagerð.
- Þekking á málefnum sveitarfélaga er kostur.
- Góð tölvukunnátta er skilyrði.
- Kunnátta í DK bókhaldskerfinu er kostur.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku og geta til að tjá sig í ræðu og riti.
- Leiðtogahæfileikar og drifkraftur í starfi.
- Samvirkusemi og nákvæmni í starfi.

Umsóknum ásamt starfsferilskrá og kynningarbréfi skal skila rafrænt í síðasta lagi **fimmtudaginn 29. febrúar 2024** á netfangið [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is)

Nánari upplýsingar um starfið veitir sveitarstjóri, Aldís Hafsteinsdóttir, í síma 480-6600 og í gegnum tölvupóst: [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is)

Í Hrunamannahreppi er fjölbreytt og gott mannlíf þar sem tækifærin eru fjölmörg fyrir áhugasama og duglega einstaklinga. Í sveitarfélaginu búa um 925 manns og þar af eru um 500 á Flúðum. Á Flúðum er grunn-, leik- og tónlistarskóli, íþróttahús, bókasafn, sundlaug, líkamsrækt, verslanir og fjölbreytt afþreying.

Samgöngur í allar áttir eru góðar, helstu náttúruperlur landsins eru innan seilingar og svo segja margir að veðrið sé alltaf aðeins betra í Hrunamannahreppi – það er góður kostur!

**Frekari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á [www.fludir.is](http://www.fludir.is)**

